

Starfshópur um Pepsi Max deild karla og fjölgun leikja

Skýrsla til stjórnar KSÍ þann 17. desember 2020

Inngangur

Í desember 2019 skipaði stjórn KSÍ starfshóp sem átti að leggja mat á þá kosti sem nefndir hafa verið um mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi í Pepsi Max deild karla. Sá starfshópur hafði ekki mikinn tíma til umráða og skilaði af sér niðurstöðu í lok janúar 2020. Var það mat starfshópsins að umræðan innan hreyfingarinnar, hvort heldur væri á milli félaga eða innan einstakra félaga, væri of skammt á veg komin til þess að hægt hafi verið að ná fram niðurstöðu á þeim tímapunkti. Jafnframt kom fram í niðurstöðu þess hóps að horfa ætti til þess að breytt keppnisfyrirkomulag ætti að taka gildi 2022.

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2020 kom fram tillaga frá ÍA um fjölgun liða í Pepsi Max deild karla. Sú tillaga hafði ekki fengið mikla umfjöllun innan hreyfingarinnar í aðdraganda þingsins. Niðurstaðan var sú að þingið samþykkti að skipaður yrði starfshópur til að fara ítarlega yfir málið og þá kosti sem reifaðir höfðu verið.

Starfshópurinn

Í tillögum ársþings 2020 um starfshópinn var gert ráð fyrir að hópurinn ætti að skila álitinu og tillögum eigi síðar en 1. september 2020. Ástandið í þjóðfélaginu vegna Covid-19 hafði mikil áhrif á allt starf knattspyrnuhreyfingarinnar. Af þeim sökum dróst að skipa starfshópinn og skipaði stjórn KSÍ hópurinn 7. október 2020.

Frá aðildarfélögum: Börkur Edvardsson (Valur), Haraldur Haraldsson (Vikingur/ÍTF/Stjórn KSÍ), Orri Hlöðversson (Breiðablik) og Birgir Jóhannsson (ÍTF).

Frá KSÍ: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ, Valgeir Sigurðsson, Björn Friðþjófsson, Harpa Þorsteinsdóttir og Vignir Þormóðsson, sem öll sitja í mótanefnd KSÍ.

Með starfshópnum starfaði Birkir Sveinsson, sviðsstjóri innanlandssviðs KSÍ.

Starfshópurinn fundaði 5 sinnum; 25. nóvember, 1., 9., 14., og 16. desember 2020.


Verkefni hópsins

Verkefni hópsins samkvæmt samþykkt ársþingsins var afmörkuð við Pepsi Max deild karla. Ekki var því verið að fjalla um hugsanleg ný mót eða mögulegar breytingar sem gætu átt sér stað á keppnisfyrirkomulagi í öðrum mótum.

Fyrsta verk var að fara yfir skýrslu fyrri starfshóps. Sá hópur hafði farið yfir helstu atriðin varðandi breytt fyrirkomulag og þróun. Núverandi starfshópur hafði því góðan grunn til að byggja á.

Núverandi staða Pepsi Max deildar karla

Árið 2008 var fjölgað í efstu deild karla í 12 lið. Hvert félag leikur 22 leiki og samtals eru þetta 132 leikir. Deildin er í 52. sæti á styrkleikalista UEFA af 55 efstu deildum. Á árunum 2000 – 2018 var deildin í sætum 33 – 40. Fallið hefur verið mikið undanfarin ár, því árið 2018 var deildin í 35. sæti. Vegna þess á Ísland bara rétt á þremur liðum í Evrópukeppnum félagsliða frá 2022, í stað fjögurra liða áður.



Markmið með breyttu mótafyrirkomulagi í Pepsi Max deild karla

Starfshópurinn komst að sömu niðurstöðu og fyrri hópur og telur að helstu markmiðin sem stefna eigi að með breyttu mótafyrirkomulagi sé eftirfarandi:

- Auka gæði og samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu og leikmanna sem leika á Íslandi
- Nýta betur fjárfestingu aðildarfélaganna í leikmönnum og starfsmönnum
- Auka möguleika á tekjuöflun
- Auka verðmæti sjónvarps- og markaðsréttinda deildarinnar
- Mæta vaxandi eftirspurn og auka sýnileika íslenskrar knattspyrnu

Leiðir að markmiðunum

- Lengja keppnistímabil, stytta þannig hið langa undirbúningstímabil
- Fjölga keppnisleikjum og fækka þar með æfingaleikjum

Úrlausnarefni og áskoranir

Mesta vinna hópsins fólst í því að fara betur yfir þær áskoranir sem fylgja því að lengja keppnistímabilið og fjölga leikjum. Ljóst er að áskoranirnar er margar, en jafnframt tækifærin fjölmörg því samfara.

Veðrið og lenging keppnistímabilsins


Keppnistímabilið undanfarna áratugi hefur miðast við það hvenær grasvellir eru leikfærir. Undanfarna tvo áratugi höfum við markvisst verið að byrja efstu deild karla fyrr með bættri umhirðu á keppnisvöllum og fjölgunar á keppnisvöllum með gervigrasi, sjá töflu:

Ár	Fyrsti leikdagur
2002	20. maí
2006	14. maí
2010	10. maí
2014	4. maí
2019	26. apríl

Við höfum ágæta reynslu af keppni deildarbikarsins með að leika í febrúar, mars og apríl. Einnig höfum við leikið undanfarin ár í Mjólkurbikarnum frá annarri viku í apríl. Þessir leikir hafa alla jafna verið leiknir á gervigrasi. Einstaka leikir um miðjan apríl hafa verið leiknir á grasi.

Í febrúar og mars hefur þurft að fresta þó nokkrum leikjum vegna veðurs og ófærðar. Í apríl er alla jafna lítið um frestanir leikja vegna veðurs og ófærðar.

Við að taka ákvarðanir um það hvort lengja eigi keppni fram á vorið eða inn í haustið er ágætt að velta fyrir sér meðalhita í Reykjavík eftir mánuðum. Það er t.d. marktækt hærra meðalhiti í október en í apríl.



Aðstöðumál og lenging keppnistímabilsins

Skýrsla frá 2006

Grasvellir verða tæplega tilbúnir mikið fyrr en nú er, ef miða á við skýrslu starfshóps KSÍ frá 2006. Þar segir; „Grasvöllur byggður eftir bestu þekkingu með fyrsta flokks tæknikerfum, þ.e. innbyggt hita- og vökvunarkerfi ásamt yfirbreiðslu, er einnig góður kostur. Hluti af tæknikerfi getur verið styrking með ísaumuðu gervigrasi sem bætir nýtingu vallarins. Þessi lausn býður upp á lengingu keppnistímabils að vori um a.m.k. 2 vikur þannig að það geti byrjað um mánaðamótin apríl maí.“

Miðað við ofangreinda niðurstöðu um grasvelli, þá erum við komin nú þegar að mörkum þess að vori hvenær hægt er að hefja keppni á grasi. Athuga ber að hér er um að ræða 14 ára gamla skýrslu.

Fjölgun keppnisvalla með gervigrasi og flóðlýsingu hjálpar til með það að hægt sé leika utan þess tímabils sem nú er. Jafnframt hjálpar líka til að þó að um helmingur félaga hafi ekki keppnisvöll lagðan gervigrasi þá hafa öll félögin í tveimur efstu deildum karla yfir að ráða gervigrasi til æfinga.

Ef tímabilið er látið byrja fyrr en nú er, þá er mögulega hægt að milda áhrifin fyrir grasfélögin með því að við niðurröðun leikja sé tekið mið af því og þau fái minna af heimaleikjum í upphafi, jafnvel, ef nauðsyn krefur, að félög leiki einstaka leiki á öðrum völlum sem uppfylla skilyrði til keppni í deildinni.

Birtuskilyrði eru ráðandi þáttur í tímasetningu leikja við upphaf og lok móta. Miðað við óbreyttar aðstæður þá er ekki hægt að skipuleggja mótin á þeim tímum þannig að heil umferð fari fram í miðri viku þar sem flóðlýsing er ekki til staðar á öllum völlum.

Við lengingu keppnistímabilsins hefur mikið verið einblínt á getu vallanna til að leikir geti farið fram. Aðstöðumál áhorfenda eru mikilvæg ef okkur á að takast að fá áhorfendur á völinn fyrr á vorin og síðar að hausti. Skiptir þar miklu t.d. að þak sé á stúkum og að stúkurnar veiti skjól gegn höfuð vindáttum. Ekki má veita neinn afslátt af aðstöðu fjölmiðlamanna þó tímabilið verði lengt.

Félagaskipti, samningar leikmanna og lenging keppnistímabilsins

Vel er hægt að aðlaga reglur um félagaskipti ef mót í efstu deild hefst fyrr eða endar síðar. Félagaskiptagluggarnir fara eftir reglum FIFA og má stilla upp tveimur félagaskiptagluggum á hverju ári. Lengri glugginn má vera að hámarki 12 vikur og sá styttri 4 vikur. Það er á valdi stjórnar KSÍ hvenær þessir gluggar eru. Jafnframt er ekki nauðsynlegt að sami gluggi sé fyrir allar deildir.

Samkvæmt reglugerð þurfa allir samningar að renna út á tímabilinu 16. október til 31. desember. Ef tímabilið kæmi til með að ná fram yfir 16. október þyrfti að miða við þrengra tímabil, t.d. þannig að allir samningar þurfi að renna út á tímabilinu 1. nóvember (eða jafnvel enn síðar) og til 31. desember.

Leyfiskerfið og lenging keppnistímabilsins

Ef upphafi móta er flýtt frá því sem nú er, verður að hafa í huga að núverandi tímarammi leyfiskerfisins er of tæpur til að tímabilið gæti byrjað fyrr. Því er ljóst að samfara því að mót hefjist fyrr, þarf að huga að breytingum á leyfiskerlinu. Mögulega þyrfti því að breyta rekstrarári félaga þannig að það miðist ekki við almanaksárið, heldur 1. desember – 30. nóvember.

Kostnaður við dómgæslu vegna fjölgunar leikja og lengingar keppnistímabilsins

Breytilegur kostnaður við dómgæslu í Pepsi Max deild karla er um 33 milljónir. Má því gera ráð fyrir að sá kostnaður hækki í réttu hlutfalli við fjölgun leikja.

Ekki er gert ráð fyrir að fastur kostnaður breytist mikið. Hér er því ekki gert ráð fyrir að miklar breytingar verði á umfangi skrifstofunnar við að fjölga leikjum í Pepsi Max deild karla. Ef umfang mótanna almennt eykst, er líklegt að fjölga þurfi starfsfólki sem kemur að umsýslu mótanna.

Viðbótarkostnaður félaganna vegna fjölgunar leikja og lengingar keppnistímabilsins

Það er mat hópsins að viðbótarkostnaður félaganna í Pepsi Max deild karla við að fjölga leikjum og lengja keppnistímabilið verði ekki íþyngjandi fyrir þau, jafnvel að tekjurnar verði umtalsvert meiri en viðbótarkostnaðurinn. Umtalsverður meirihluti leikmanna eru á heilsársamningum. Þjálfarar eru allir á samningum allt árið. Enginn kostnaðaraukning er vegna mannvirkja sem lögð eru gervigrasi. Mögulega þyrfti að leggja í aukna vinnu við að gera grasvelli leikfæra. Líklegt er að ýmiss breytilegur kostnaður aukist, t.d. leikjábónusar og sjúkrakostnaður.

Viðbótartekjur af fjölgun leikja

Fjölgun leikja gefur af sér auknar áhorfendatekjur (miðasölu, varning og veitingasölu). Líklegt er að með fleiri leikjum aukist markaðstekjur félaganna m.a. í formi sjónvarps- og markaðstekna.

Leikmenn og lenging keppnistímabilsins

Viðbúið er að lenging keppnistímabilsins t.d. um sex vikur, og fjölgun leikja hafi einhver áhrif á frí leikmanna með fjölskyldum sínum. Bætt umgjörð og betri tækifæri til að ná árangri hlýtur að vera metnaðarmál allra leikmanna. Fjölgun leikja og lengra keppnistímabil ætti því að vera fagnaðarefni fyrir leikmenn.

Lenging keppnistímabilsins – Verkefni landsliða og Evrópu-liða

Taka þarf mið af verkefnum landsliða og Evrópukeppna félagsliða þegar keppnistímabilið er rammað inn. Vonandi gefur ný keppni í Evrópukeppnum félagsliða (Conference league) af sér fleiri leiki fyrir okkar félagslið. Einnig verður að taka mið af því að til staðar sé svigrúm þegar A eða U21 landsliðin komast í lokakeppnir. Sjá hér að neðan leikdaga í Evrópukeppnum félagsliða og landsliða.

Mars	Pka	April	Pka	Maj	Pka	Júni	Pka	Júlí	Pka	Ágúst	Pka	Sept.	Pka	Október	Nóvember
1		1	Skírdagur	1	Verkalýðsdagur	1		1		1	Vesturlanama	1		1	1
2		2	Föstudagurinn langi	2		2		2	EM	2	Vesturlanama	2		2	MD
3		3		3		3		3	EM	3	MD-3	3		3	MD
4		4	Þriðjudagur	4	MD-04	4		4		4	MD-3	4		4	ED
5		5	Arsnar í góðum	5	MD-04	5		5		5	ED	5		5	
6		6	MD-08	6	ED-04	6		6	MD-1	6		6		6	
7		7	MD-08	7		7		7	MD-1	7		7		7	
8		8	ED-08	8		8		8	ED	8		8		8	
9	MD-016	9		9		9		9		9		9		9	
10	MD-016	10		10		10		10	EM	10	MD-3	10		10	
11	ED-016	11		11		11	EM	11	EM	11	MD-3	11		11	
12		12		12		12	EM	12		12	ED	12		12	
13		13	MD-08	13	Uppþingisdagur	13		13	MD-1	13		13		13	
14		14	MD-08	14		14	EM	14	MD-1	14		14	MD	14	
15		15	ED-08	15		15	EM	15	ED	15		15	MD	15	
16	MD-016	16		16		16	EM	16		16		16	ED	16	
17	MD-016	17		17		17		17	MD-Umspil	17		17		17	
18	ED-016	18		18		18	EM	18		18	MD-Umspil	18		18	
19		19		19		19	EM	19		19	ED-Umspil	19		19	MD
20		20		20		20	EM	20	MD-2	20		20		20	MD
21		21		21		21	EM	21	MD-2	21		21		21	ED
22		22	Samfundsdagurinn fyrsti	22		22	EM	22	ED	22		22		22	
23		23	Hvítanosedagur	23		23	EM	23		23		23		23	MD
24		24	Arsnar í kvíttum	24		24		24	MD-Umspil	24		24		24	MD
25		25		25		25		25	MD-Umspil	25		25		25	ED
26		26		26	ED 0	26	EM	26		26	ED-Umspil	26		26	
27		27	MD-04	27		27	EM	27	MD-2	27		27		27	
28		28	MD-04	28		28	EM	28	MD-2	28		28	MD	28	
29		29	ED-04	29	MD 0	29	EM	29	ED	29		29	MD	29	
30		30		30		30		30		30		30	ED	30	
31				31		31		31		31				31	

Fjölgun leikja í Pepsi Max deild karla - Mögulegar aðferðir

Starfshópurinn fór yfir ýmsa kosti sem hafa verið í umræðunni varðandi fjölgun leikja og lengingar keppnistímabilsins. Hér er stuttlega gerð grein fyrir þeim kostum sem fengu mesta umfjöllun. Nokkrir kostir til viðbótar fengu umfjöllun en voru fljótlega útilokaðir.

12 lið - Núverandi fyrirkomulag

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi
12	2	22	132

Leikið frá sumardegnum fyrsta og að landsleikjahléinu í byrjun október.

14 lið - Fjölgun liða um 2 lið, leikið heima og að heiman

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
14	2	26 (+4)	182	50 (38%)

Leikið frá 1. apríl (eftir mars landsleikjahléið) og að landsleikjahléinu í byrjun október.

Eða frá sumardegnum fyrsta og til loka október.

16 lið - Fjölgun liða um 4 lið, leikið heima og að heiman

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
16	2	30 (+8)	240	108 (82%)

Leikið frá 1. mars og fram í lok október.

Sama fyrirkomulag og er í Noregi og Svíþjóð.

12 lið - Fjölgun leikumferða í 3

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
12	3	33 (+11)	198	66 (50%)

Leikið frá 20. febrúar til 31. október.

Ekki jafn fjöldi heima- og útileikja.

10 lið - Fjölgun leikumferða í 3 og fækka liðum um 2 lið

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
10	3	27 (+5)	135	3 (2%)

Leikið frá 15. mars og fram að landsleikjahléi í byrjun október eða frá 1. apríl og fram í lok október.

Ekki jafn fjöldi heimaleikja.

Sama fyrirkomulag og er í Færeyjum.

12 lið – Núverandi fyrirkomulag + úrslitakeppni 6 efstu og 6 neðstu liða

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
12	2 + Ú	27 (+5)	162	30 (23%)

Leikið frá 15. mars og fram að landsleikjahléi í byrjun október eða frá 1. apríl og fram í lok október.

Eftir hefðbundna keppni heima og að heiman er deildinni skipt í tvennt þar sem leikin er einföld umferð.

Félög tækju stigin með sér úr fyrri hluta mótsins úrslitakeppni.

Ekki jafn fjöldi heimaleikja í úrslitakeppni (árangur liða í fyrri hluta ræður því).

Svipað fyrirkomulag og er í Finnlandi og að hluta í Danmörku.

Mótafyrirkomulag í Evrópu

Þegar mótafyrirkomulag í Evrópu er skoðað, kemur í ljós að stærstu deildirnar eru skipaðar 16 – 20 félagsliðum og leikin er hrein tvöföld umferð. Aftur á móti þegar minni deildir innan Evrópu eru skoðaðar kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra deilda eru skipaðar 10 – 12 félögum. Í mörgum af þeim deildum eru leiknar 2 umferðir og svo tekur við úrslitakeppni líkt og í Finnlandi, Slóvakíu, Austurríki og Danmörku svo nokkrar deildir séu nefndar. Við þessa vinnu fann hópurinn eingöngu eina deild í Evrópu sem leikur 3 umferðir án viðbótarleikja. Það eru Færeyjar. Meirihluti deilda í Evrópu eru því leiknar með tvöfaldri umferð og úrslitakeppni eða 10 – 12 liða deild með fjórfaldri umferð.

Þrjár aðferðir fengu ítarlegri umfjöllun starfshópsins

Starfshópurinn ákvað að skoða þrjár aðferðir ítarlega og kanna þannig betur kosti og galla hvernar aðferðar fyrir sig. Þannig í raun útiloka fyrir sitt leyti aðrar aðferðir. Hafa verður í huga að allar aðferðir miða við að lengja keppnistímabilið, því eiga allar aðferðirnar það sameiginlegt að leikjum mun fjölga á þeim tíma þar sem áskoranir vegna veðurs eru meiri.

10 lið - Fjölgun leikumferða í 3 og fækka liðum um 2 lið

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
10	3	27 (+5)	135	3 (2%)

Kostir þessarar aðferðar er að mati hópsins til þess fallin að auka gæði deildarinnar frá því sem nú er með því að fækka óspennandi leikjum og fjölga jafnframt meira spennandi leikjum. Þannig yrði undirbúningur félaganna betri fyrir Evrópukeppni félagsliða. Hvert félag fengi 5 leikjum meira, lítil aukning er á heildarfjölgun leikja og því yrði hækkun á dómarakostnaði óveruleg. Líklegt er að meðal aðsókn pr. leik aukist. Fjárhagslegur grunnur félaganna í deildinni yrði betri.

Gallar þessarar aðferðar er að færri félög eiga möguleika á að leika í efstu deild og færri leikmenn fá tækifæri til að leika í efstu deild. Þessi aðferð gæti mögulega aukið misskiptingu tekna milli félaga. Félagin fá ekki jafnan fjölda heima- og útileikja. Finna þarf aðferð til að ákveða fjölda heimaleikja liðanna (hvaða 5 félög fá fleiri heimaleiki) sem jafnframt hentar við niðurröðun leikja í mótinu og tekur mið af þörfum félaga sem taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða. Fækkun liða í deildinni hefði áhrif á neðri deildir, a.m.k. tímabundið.

12 lið – Núverandi fyrirkomulag + úrslitakeppni 6 efstu og 6 neðstu liða

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
12	2 + Ú	27 (+5)	162	30 (23%)

Kostir þessarar aðferðar eru að mati hópsins til þess fallnir að auka gæði deildarinnar frá því sem nú er með því að fjölga jafnari leikjum, og fjölga þannig meira spennandi leikjum. Meiri spenna yrði í lokin á hefðbundnu móti því nú væri verið að keppa um að ná 6. sæti. Þannig myndu færri leikir detta niður dauðir en er í lokaleikjum í núverandi fyrirkomulagi. Mikil spenna gæti orðið í efri hluta mótsins, m.a. um Evrópusætin. Þannig yrði undirbúningur félaganna betri fyrir Evrópukeppni félagsliða. Þetta form er eitthvað nýtt sem gefur ýmis markaðsleg tækifæri m.a. í sölu markaðsréttinda. Líklegt er að aðsókn á leiki aukist, sérstaklega í úrslitakeppninni. Breytingin hefði ekki áhrif á aðrar deildir eða fjölda liða utan Pepsi Max deildar.

Gallar þessarar aðferðar eru að mati hópsins þeir að í neðri hluta mótsins er einungis verið að keppa um það að forðast fall. Finna þarf aðferð til að gera keppni spennandi fyrir liðin í neðri hlutanum sem sigla lygnan sjó. Svigrúm til frestana leikja er minna en í núverandi kerfi, því ljúka þarf öllum leikjum áður en seinni hluti mótsins hefst og lok fyrri hlutans eru væntanlega nær Evrópukeppnum heldur en lok núverandi móts. Félagin fá ekki jafnan fjölda heima- og útileikja í seinni hluta mótsins.

14 lið - Fjölgun liða um 2 lið, leikið heima og að heiman

Fjöldi liða	Umferðir	Leikir pr. lið	Leikjafjöldi	Viðbót leikja
14	2	26 (+4)	182	50 (38%)

Kostir þessarar aðferðar eru að mati hópsins þeir að fleiri félög fá tækifæri til að leika meðal þeirra bestu. Fleiri leikmenn fengju tækifæri til að leika í efstu deild. Slíkt gæti aukið áhugann á fótbolta hjá viðkomandi félögum. Markaðstekjur félaganna myndu dreifast á fleiri lið.

Gallar þessarar aðferðar eru að mati hópsins þeir að gæði deildarinnar gætu minnkað með fleiri ójöfnum leikjum því of mikill munur er á bestu og slökustu liðunum. Fleiri leikir gætu dottið niður dauðir þegar líður á mótið. Samkeppnishæfni íslensku liðanna gagnvart erlendum liðum minnkar þar sem markaðstekjur dreifast á fleiri lið. Aðstöðumálum er þannig háttað að núna ná ekki öll félög að uppfylla ákvæði Leyfiskerfis KSÍ varðandi aðstöðu fyrir áhorfendur, fjölgun liða myndi mögulega auka þörfina á undanþágum vegna aðstöðumála. Umgjörð og ásýnd mótsins myndi því verða lakari en nú er.

Niðurstaða

Það er sorgleg staðreynd að íslensku félagsliðin (karla) hafa hrpað niður styrkleikalista UEFA með þeim afleiðingum að frá og með keppnistímabilinu 2022 mun Ísland einungis eiga þrjú sæti í Evrópukeppnum félagsliða. *Tölurnar tala sínu máli, Ísland hefur fallið um 17 sæti á mjög skömmum tíma og situr nú í sæti 52 af 55 þjóðum í Evrópu.* Það er því verk að vinna í þessum málum. Eitt af markmiðum hópsins er að *“Auka gæði og samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu og leikmanna sem leika á Íslandi”.*

Að mati hópsins er mikilvægt að auka möguleika félaga og leikmanna að taka skref fram á við til að bæta gæði og fagmennsku. Það verði best gert með því að fjölga betri leikjum og lengja keppnistímabilið. Samfara því að tækifæri til tekjuöflunar verði aukin. Í því samhengi þarf að hafa í huga að nýr sjónvarps- og markaðsréttarsamningur deildarinnar rennur út að loknu keppnistímabilinu 2021.

Við mat á þeim þremur aðferðum sem hópurinn skoðaði sérstaklega var lagt til grundvallar hvaða aðferðir samræmdust best þeim markmiðum sem starfshópurinn setti sér.

Að fjölga liðum úr 12 í 14 lið og leika mótið með sambærilegum hætti og verið hefur, þ.e. leika tvo leiki við hvert hinna liðanna, heima og að heima, er að mati hópsins ekki til þess fallið að auka gæði deildarinnar. Jafnframt eru líkur á því að meðalaðsókn á leikina myndi dragast saman. Heildarfjöldi leikja í þessari aðferð eykst um 38% þó leikjum pr. lið fjölgi einungis um 4 leiki. Kostnaður við dómgæslu eykst mest af þeim aðferðum sem skoðaðar voru sérstaklega. Þó þessi aðferð samræmist ágætlega ýmsum markmiðum hópsins eins og t.d. að nýta betur fjárfestingu aðildarfélaganna í leikmönnum og starfsmönnum, þá telur hópurinn að til séu mun betri aðferðir til að ná settum markmiðum.

Að fækka liðum í 10 og leika þrefalda umferð samræmist flestum þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Sérstaklega hvað varðar gæði leikjanna. Ef skoðaðar eru aðsóknartölur Pepsi Max deildar karla 2019 þá eykst meðalaðsókn á leiki ef ekki eru teknir með í reikninginn leikir hjá liðunum tveimur sem féllu. Með þessari aðferð er lítil heildarfjölgun leikja, þ.e. einungis 3, þannig að hækkun á dómarakostnaði er óveruleg.

Breyting á mótahaldi þarf að hafa víðan stuðning svo breytingin nái fram að ganga og takist vel í framkvæmd. Fækkun liða í deildinni, og það að þessi aðferð gæti mögulega aukið misskiptingu tekna milli félaga, ásamt því að hafa áhrif í neðri deildir, er líklega ekki til þess fallin að fá víðan stuðning. Einnig ber að hafa í huga að ekki er mikil reynsla af mótafyrirkomulagi með þessari aðferð í Evrópu.

12 liða deild þar sem leikið er heima og að heiman líkt og nú er, skipta síðan deildinni í tvo hluta og leika til úrslita, er að mati hópsins sú aðferð sem samræmist best þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Úrslitakeppni mótsins eykur spennu og gæði leikjanna, mikil keppni getur skapast um að ná 6. sæti deildarinnar í fyrri hluta mótsins. Þetta form með hæfilegri fjölgun leikja, er eitthvað nýtt sem gefur ýmis markaðsleg tækifæri m.a. í sölu markaðsréttinda. Líklegt er að aðsókn á leiki aukist, sérstaklega í úrslitakeppninni. Þessi aðferð er að mati hópsins best til þess fallin að auka tekjur félaganna. Breytingin hefði ekki áhrif á aðrar deildir og fjölda liða í Pepsi Max deild karla. Fjöldi landa notar svipað mótafyrirkomulag í sínum löndum.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta þá leggur starfshópurinn til að frá og með keppnistímabilinu 2022 verði keppnisfyrirkomulagi Pepsi Max deildar karla breytt og leikið með 12 liðum sem byrja á því að leika tvöfalda umferð (heima og að heiman). Að því loknu verði mótinu skipt upp í efri og neðri hluta. 6 félag í hvorum hluta sem leika einfalda umferð, þ.e. 5 leiki pr. lið. Í úrslitakeppni efri hlutans er leikið um Íslandsmeistaratitilinn og sæti í Evrópukeppnum félagsliða. Í úrslitakeppni neðri hlutans er leikið með sambærilegum hætti um að forðast fall. Félagin taka með sér stigin úr fyrri hluta mótsins. Röð liða í fyrri hluta mótsins ræður því hvaða félag fá fleiri heimaleiki í úrslitakeppni mótsins. Þannig myndu lið nr. 1,2,3 og 7,8,9 fá þrjú heimaleiki en hin liðin tvo heimaleiki.

Það er von starfshópsins að þessi skýrsla skapi umræðu um þróun mótsins og að breið sátt náist um næstu skref.